

REGLUGERÐ

um ríkisábyrgðir vegna smíði fiskiskipa innanlands.

1. gr.

Heimilt er að veita sjálfskuldarábyrgð á lán er nemi allt að 80% smíðaverðs fiskiskipa sem smíðuð verða innanlands. Heimild þessi gildir árin 1982—1985 og nær til allt að fjögurra skipa í senn. Skip þessi skulu smíðuð í samræmi við áætlun um raðsmíðaverkefni skipasmíðastöðvanna og mega vera allt að 35 metrar að lengd og með vélarafli allt að 1000 hö. Ábyrgð má því aðeins veita að skip sé óselt og fellur ábyrgðin niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

2. gr.

Ábyrgð skv. 1. gr. má veita Slippstöðinni hf. á Akureyri, Stálvík hf. í Garðabæ og Þorgeiri og Ellert hf. á Akranesi. Heimildin miðast við smíði allt að tveggja skipa í senn hjá Slippstöðinni hf. og eins skips hjá hvorri hinna stöðvanna hverju sinni.

3. gr.

Ábyrgð má veita til tryggingar lánum sem skipasmíðastöðvarnar taka hjá viðskiptabönkum sínum eða fyrir milligöngu þeirra til smíði fyrrgreindra skipa.

4. gr.

Áður en ábyrgð er veitt skal skipasmíðastöðin leggja fram smíðalýsingu skipsins og teikningar eftir því sem þörf þykir ásamt áætlun um smíðaverð. Þessum gögnum fylgi umsögn tæknideildar Fiskveiðasjóðs um tæknilegan búnað skipsins.

Að fengnum ofangreindum upplýsingum, í því formi sem krafist verður, skal Ríkisábyrgðasjóður leggja mat á verðáætlun stöðvarinnar.

5. gr.

Verði lán tekin í áföngum, eftir því sem smíði skips miðar áfram, má veita ábyrgð á hverri áfangalán. Áður en slík ábyrgð er veitt skal skipasmíðastöðin leggja fram yfirlit um áfallinn smíðakostnað og endurskoðaða áætlun um heildarsmíðaverð, sé þess þörf að mati Ríkisábyrgðasjóðs.

6. gr.

Til tryggingar skaðleysi Ríkisábyrgðasjóðs af ábyrgðum skal sjóðurinn hafa 1. veðrétt í nýsmíðinni ásamt fasteignaveðum að því marki sem þörf er talin á. Ábyrgð má veita þannig, að lán með ríkisábyrgð nemi samanlagt ekki hærri fjárhæð en sem nemur 80% af matsverði nýsmíðinnar hverju sinni og 70% af matsverði fasteignarinnar að teknu tilliti til lána sem á fasteigninni hvíla á undan ábyrgðarláninu í veðröð. Þó mega samanlögð lán með ríkisábyrgð aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 80% af endanlegu matsverði skipsins eða kostnaðarverði, hvort sem lægra reynist.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 34. gr. lánsfjárlaga nr. 13 6. apríl 1982 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. júlí 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.